

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 23

6. árgangur

27.5.1999

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

99/EES/23/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1512 – Dupont/Pioneer Hi-Bred International) .....	1
99/EES/23/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1533 – Artémis/Sanofi Beauté) .....	2
99/EES/23/03	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1270 – KNP BT/Allium) .....	2
99/EES/23/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1407 – Bertelsmann/Mondadori) .....	3
99/EES/23/05	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	4
	<b>3. Dómstóllinn</b>	
99/EES/23/06	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna .....	5
99/EES/23/07	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi .....	7

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1512 – Dupont/Pioneer Hi-Bred International)

99/EES/23/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. maí 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið E.I. du Pont de Nemours & Co. (Dupont) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Pioneer Hi-Bred International Inc. (Pioneer) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - DuPoint: þróun, framleiðsla og dreifing á lífrænum og kemískum vörum, einkum á sviði plöntuvarnarefna,
  - Pioneer: þróun, framleiðsla og dreifing á fræjum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 146, 27.5.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1512 – Dupont/Pioneer Hi-Bred International, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1533 – Artémis/Sanofi Beauté)****99/EES/23/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. maí 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Artémis S.A. (Artemis) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir deildinni Sanofi Beauté frá Sanofi S.A. með kaupum á hlutum og eignum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Artémis: einkum smásal og dreifing, sem og uppboð, fjármálaþjónusta, váttryggingar og fasteignaviðskipti,
  - Sanofi Beauté: framleiðsla og sala á lúxusilmefnum, snyrti- og tískuvörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 145, 26.5.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1533 – Artémis/Sanofi Beauté, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1270 – KNP BT/Allium)****99/EES/23/03**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3.9.1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1270. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1407 – Bertelsmann/Mondadori)****99/EES/23/04**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22.4.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfum á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1407. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

99/EES/23/05

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB L 81, 26.3.1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB. L 100, 19.4.1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
99-0208-D	Dreifibréf um búnað umferðartölvumiðstöðva og minni stöðva (MARZ)	2.8.1999
99-0210-NL	Drög að úrskurði um hald hænsfugla til undaneldis á holdakjúklingum	30.7.1999
99-0211-A	Fyrirmæli frá borgarstjórn Vínarborgar um tímabundið samþykki á „KAMINODUR AGS“ reykþáfakerfínu	6.8.1999
99-0212-A	Fyrirmæli frá borgarstjórn Vínarborgar um tímabundið samþykki á „KAMINODUR SRS“ reykþáfarein-sikerfínu með rörum úr ryðfrú stáli	6.8.1999
99-0213-NL	Mjólkurvöruforskrift fyrir árið 2000. Verð fyrir mjólk frá bændum í samræmi við magn, samsetningu og vigt	(4)
<sup>(3)</sup> ( <sup>4</sup> )( <sup>5</sup> )		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru áanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins C 67 frá 17.3.1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4.5.1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

<sup>(5)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

# DÓMSTÓLLINN

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

**99/EES/23/06**

Dómur dómstólsins frá 2. mars 1999 í máli C-416/96 (beiðni um forúrskurð frá Immigration Adjudicator): Nour Eddline El-Yassini gegn Secretary of State for the Home Department (skilgreining dómstóls eða réttar, sbr. 177. gr. EB-sáttmálans – samstarfssamningur milli EBE og Marokkó – 1. mgr. 40. gr. – meginreglan um jafnræði hvað varðar starfsaðstæður eða laun – bein áhrif – gildissvið – synjun um að framlengja dvalarleyfi, sem bindur enda á ráðningu starfsmanns frá Marokkó í aðildarríki)

Dómur dómstólsins frá 2. mars 1999 í máli C-179/97: Konungsríkið Spánn gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (fiskveiðar – verndun auðlinda hafsins – skoðun fiskiskipa – sameiginleg alþjóðleg skoðunaráætlun samþykkt af Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðinefndinni)

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 4. mars 1999 í máli C-119/97 P: Union Française de l'Express (Ufex), DHL International og Service CRIE gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og May Courier (áfrýjun – samkeppni – beiðni um ógildingu vísað frá – hlutverk framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 85. og 86. gr. EB-sáttmálans – mat á hagsmunum bandalagsins)

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 4. mars 1999 í máli C-258/97 (beiðni um forúrskurð frá Unabhängiger Verwaltungssenat für Kärnten): Hospital Ingenieure Krankenhaustechnik Planungs-Gesellschaft mbH (HI) gegn Landeskrankenanstalten-Betriebsgesellschaft (opinberir þjónustusamningar – áhrif tilskipunar sem ekki hefur verið tekin upp í landslög)

Dómur dómstólsins frá 9. mars 1999 í máli C-212/97 (beiðni um forúrskurð frá Højesteret): Centros Ltd gegn Erhvervs- og Selskabsstyrelsen (staðfesturéttur – stofnun útíbús af fyrirtæki sem ekki rekur raunveruleg viðskipti – landslög sniðgengin – synjun um skráningu)

Úrskurður dómstólsins frá 2. mars 1999 í máli C-422/97 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance de Bruxelles): Colonia Versicherung AG Zweigniederlassung München o.fl. gegn belgíska ríkinu (beiðni um forúrskurð – beiðni vísað frá)

Úrskurður dómstólsins frá 2. mars 1999 í sameinuðum málum C-231/98 og C-232/98 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance d'Épinal: SA Lamboley (C-231/98), Bouctot (C-232/98) gegn Administration des Impôts (3. mgr. 104. gr. málsmeðferðarreglnanna – greinilega samskonar mál)

Mál C-38/99: Mál höfðað 10. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-40/99: Mál höfðað 11. febrúar 1999 af Konungsríkinu Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-57/99 P: Áfrýjað var þann 19. febrúar 1999 af Karola Gluiber úrskurði uppkveðnum 21. desember 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) í máli T-122/98 milli Karola Gluiber og ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-66/99: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Bremen samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 2. febrúar 1999 í málinu D. Wandel GmbH gegn Hauptzollamt Bremen.

<sup>(1)</sup> Sjá Stjórn. EB C 136, 15. 5. 1999.

Mál C-67/99: Mál höfðað þann 25. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-69/99: Mál höfðað þann 26. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Breska konungsríkinu.

Mál C-70/99: Mál höfðað þann 26. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal.

Mál C-72/99: Beiðni um forúrskurð frá Landesvergabeamt Tirol samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 17. febrúar 1999 í málinu Ortner GmbH gegn Innsbrucker Kommunalbetriebe AG.

Mál C-73/99: Beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Münster samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 26. janúar 1999 í málinu Viktor Movrin gegn Landesversicherungsanstalt Westfalen.

Mál C-74/99: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division (Crown Office) (England and Wales) samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 2. febrúar 1999 í málinu The Queen gegn 1) Secretary of State for Health, 2) Secretary of State for Trade and Industry, 3) HM Attorney General, fyrir hönd: 1) Imperial Tobacco Ltd, 2) Gallaher Ltd, 3) Rothmans (UK) Ltd, 4) British American Tobacco Investments Ltd.

Mál C-76/99: Mál höfðað þann 3. mars 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-79/99: Beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht Frankfurt am Main samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 18. janúar 1999 í málinu Julia Schnorbus gegn Land Hessen.

Mál C-84/99: Beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden samkvæmt dómi þess dómstóls frá 26. febrúar 1999 í dómsmálinu 1. Amsterdamsche Football Club „AJAX“, 2. Langenberg Participaties B.V., sem einnig stunda viðskipti undir heitinu Fan Promotions, gegn 1. S.C. Reule, 2. S.J. Reule, og 3. Fan Image B.V.

Mál C-88/99: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance, Béthune samkvæmt dómi þess dómstóls frá 24. mars 1998 í dómsmálinu Roquette Frère SA gegn Direction des Services Fiscaux.

Mál C-89/99: Beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden samkvæmt dómi þess dómstóls frá 5. mars 1999 í dómsmálinu 1) V.O.F. Schieving-Nijstad, 2) W.G. Schieving og 3) H. Nijstad gegn R. Groeneveld.

Mál C-90/99: Mál höfðað þann 16. mars 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal.

Mál C-102/99: Beiðni um forúrskurð frá Commissione Tributaria Regionale di Venezia, sjötta deild, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 14. janúar, 25. febrúar og 11. mars 1999 í dómsmálinu Veneta Assicurazione SpA gegn Ufficio del Registro di Padova.

Mál C-413/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-300/97 tekið af málaskrá: Tiercé Ladbroke SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-329/98 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-85/98 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-369/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-429/98 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-19/98 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-133/97 tekið af málaskrá: Centro Acciai Rivestiti Srl (CAR) gegn Direzione Regionale delle Entrate per la Toscana (Sezione di Livorno).

Mál C-18/98 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

**Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á  
fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup>**

**99/EES/23/07**

Sameinuð mál T-38/99 til T-50/99: Mál höfðað þann 12. febrúar 1999 af Sociedade Agrícola dos Arinhos, Lda o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-56/99: Mál höfðað þann 25. febrúar 1999 af Marlines SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-59/99: Mál höfðað þann 1. mars 1999 af Ventouris Group Enterprises SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-65/99: Mál höfðað þann 3. mars 1999 af Grammes Strintzi Naftiliaki AE gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-66/99: Mál höfðað þann 4. mars 1999 af Minoikes Grammes ANE gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Sjá Stjórnartíðindi EB C 136, 15. 5. 1999.